

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>VMA</b>
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>UPP103. Fjarkennsla. Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

**Kennsluefni:** Uppeldi eftir þær Guðrúnu Friðgeirsdóttur og Margréti Jónsdóttur. Mál og menning. Nýrri útgáfan. 3. útgáfa 2005. Hefur líka verið prentuð aftur 2008. Á að fást í öllum helstu bókabúðum og hjá útgefanda.

**Markmið áfangans:** Segja má, að það sé tvíþætt. Annars vegar er fjallað um uppeldisfræði í sögulegu ljósi með ágripi af sögu uppeldis og menntunar. Raktar verða kenningar nokkurra hugsuða og uppeldisfrömuða í nokkuð stuttu máli.

Hins vegar verður fjallað um börn í nútíma samfélagi, líf þeirra, menningu, leiki, íþróttaiðkan og margt fleira.

Fjarkennslusendingar til ykkar verða sem sé 12 á tímabilinu til vorsins. Þær innihalda bæði leiðbeiningar en einkum þó verkefni, sem ætlast er til, að þið svarið að minnsta kosti innan einnar viku. Að öðrum kosti koma sein skil sem lækka annareinkunn ykkar töluvert. Ég mun síðan stefna að því að svara úrlausnum verkefnanna eins fljótt og kostur er. Þó geta liðið nokkrir dagar.

Athugið að lokamat á innsendum verkefnum verður ekki fyrr en í annarlok, þegar í ljós kemur hvort þið hafið náð lokaprófi, en í því þurfið þið að ná 5. Læt ykkur vita ef þið megið EKKI taka lokapróf (oftast vegna lélegra skila).

Fyrir hvert innsent verkefni fáid þið sem sé umsögn en ekki einkunn. Reyndar segir jú umsögnin til um hvort viðkomandi verkefni er í lagi.

Nemendur verða að skila öllum úrlausnum á réttum tíma til að mega fara í lokaprófið, sem haldið verður í maí. Lágmarkseinkunn á því prófi er sem sé 5 til að standast áfangann.

**Námsmat:** Verkefnaskil 50%. Lokapróf 50%.

Sendingardagar hjá mér verða sem sé framvegis miðvikudagar, og þið eruð beðin um að skila verkefnum sem fyrst. Innan viku. Hafið sem sé viku frá útsendingu. Megið reyndar skila í síðasta lagi á miðvikudagskvöldi eins og áður er getið. Þá hafið þið reyndar rúma viku til þess eftir þessa sendingu, og það hefur dugað hingað til í fjarkennslunni!

**Áætluð yfirferð:** (vikunúmer samkvæmt Innu)

5.vika: Hvað er uppeldisfræði? Uppeldi í einföldum samfélögum. Skóli og uppeldi.

6.vika: Uppeldi og menntun í aldanna rás.

7..vika: Uppeldi og menntun í aldanna rás.

8..vika: Þroskaferill barnsins.

9.vika: Kynhlutverk og uppeldi.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>VMA</b>
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>UPP103. Fjarkennsla. Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

**10.vika: Samskipti foreldra og barna. Listir í lífi barna og barnamenning.**

**11.vika: Barnateikningar. Börn og bækur.**

**12.vika: Börn og fjölmiðlar. Leikur og leikföng.**

**13.vika: Íþróttir og uppeldi.**

**14.vika: Áföll og kvíðavaldar í lífi barna.**

**15.vika: Börn og hjónaskilnaðir.**

**16. vika: Upprifjun fyrir lokaprófið..**

Svo er um að gera að hafa samband við mig ef eitthvað er til dæmis óljóst eða vefst fyrir ykkur.

Þið skulið hafa úrlausnir ykkar skýrar og hnitmiðaðar og hvorki of langar né of stuttar!

Þið ættuð að prófa að fara í leitarvél og stimpla t.d. inn "uppeldisfræði", eða enska orðið (pedagogy) ef þið hafið áhuga á að fræðast meira um greinina.

Einnig er heimildaskrá aftast í kennslubókinni. Gallinn á bókinni er reyndar, að í hana vantar atriðisorðaskrá. Gott væri hjá ykkur að temja ykkur að glósa ý.k. atriði í vinnubók.

Þessa áætlun sendi ég ykkur með fyrirvara um hugsanlegar breytingar og með óskum um gott samstarf.

**LESID ÞETTA HÉR AÐ OFAN VEL!**

~~~~~  
Gunnar Bergmann.

Kennslugreinar í dagskóla: Danska og félagsfræði. Í fjarkennslu:

Félagsfræði, uppeldisfræði og latína.

Vinnustaður: Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Heimilisfang: Urðargil 11, Akureyri.

Netfang: <gunnar@vma.is>

Símar: 462-5703 og 863-1251  
~~~~~

Dagsetning: 29.1.2014

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils